



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

16. árg. 2007 4. tbl.

Lög um skógrækt og varnir gegn
upplæstri lands 100 ára

Fyrstu „íslensku“ beykifræin

Stóri-Skógarhvamur í Hafnarfirði
opnaður

Gróðursetningardagur Skóg-
ræktarfélagsins Dafnar

Samráðsfundur í Húnavatnssýslum

Aðventustemning í Þýskalandi

Stórsamningur Skógræktar-
félags Íslands og Kaupþings

Svipmyndir af vettvangi skógræktar

Sitkagreni er mesta þarfaþing

Rjúpan sækir í skóginn í snjóleysinu

Góð eftirspurn eftir
íslenskum jólatrjám

Skógræktarfélag Skilmannahrepps
selur eignarhluta í Fannahlíð

Birkinýra – gersemi úr skóginum

Kolefnisjöfnun – Mostells-
bær fyrsta sveitarfélagið

Ákveðið að vinna gegn eyðingu
regnskóga á loftslags-
ráðstefnunni í Balí

Alþjóðlegt samráðsþing í tilefni 100
ára afmælis landgræðslustarfs

Meiri tré í þéttbýlið – um-
hverfi gangstétta

Białowieża skógurinn í Póllandi

Hlíðaramall – vanmetin runnategund

Grillhús í Haukadal úr íslensku timbri

Stórsamningur Skógræktarfélags Íslands og Kaupþings

Nýverið var undirritaður víðtækur samstarfssamningur á milli Kaupþings og Skógræktarfélags Íslands. Um er ræða einn umfangsmesta samstarfssamning sem félagið hefur gert við fyrirtæki.

Samstarfssamningurinn lýtur að margvíslegum stuðningi við skógrækt, m.a. eflingu á fræðslusamstarfi, en þar er m.a. gert ráð fyrir sérstökum fræðsluvef (fræðslugátt) á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – www.skog.is – þar sem hagnýtum upplýsingum og fræðslu um skógrækt og ræktun verður komið á framfæri við almenning. Gert er ráð fyrir að vefurinn verði opnaður vorið 2008.

Kaupþing mun einnig styrkja skógaröngungur, námskeið og aðra viðburði sem haldnir eru á vegum félagsins. Einnig mun Kaupþing halda áfram að vinna að uppbyggingu Aldamótaskóga, sem hafist var handa við að rækta árið 2000. Þá var gróðursett ein trjáplanta fyrir hvern þálfandi Íslending, sem voru 281.000 þúsund.



Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands t.h., og Ingólfur Helgason, forstjóri Kaupþings t.v., skrifuðu undir samninginn við upphaf stjórnarfundar Skógræktarfélags Íslands fimmtudaginn 25. október síðastliðinn (Mynd BJ).

Með þessum nýja samningi, sem gerður er til þriggja ára, eflist áhuga-
starf skógræktarhreyfingarinnar um leið og Skógræktarfélag Íslands verður betur í stakk búið að veita félagsmönnum vandað fræðsluefni.

Góð eftirspurn eftir íslenskum jólatrjám

Góð eftirspurn hefur verið eftir íslenskum jólatrjám nú á aðventunni. Ræktun jólatrjáa er ein helsta tekjulind margra skógræktarféлага en fyrir hvert selt jólatré geta félögin gróðursett 30-40 ný tré.

Íslensku trén eru af mörgum tegundum, en svo virðist sem stafa-
fura sé að verða vinsælasta tréð. Stafafuran heldur sér vel, er fallega græn og ilmar vel. Þessir eiginleikar hennar virðast gera það að verkum að fleiri og fleiri kjósa að fagna jólnum með stafafuru í stofunni.

Ragnhildur Freysteinsdóttir gengur frá jólatrjám í sölu, á svæði Skógræktarfélags Íslands í Brynjudal í Hvalfirði. Þar eru ákjósanleg skilyrði til ræktunar jólatrjáa (Mynd JGP).



Lög um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands 100 ára – hátíð í Salnum í Kópavogi

Föstudaginn 23. nóvember var þess minnst með sameiginlegri dagskrá Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins að Friðrik VIII. Danakonungur staðfesti lög þann 22. nóvember 1907 um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands. Hannes Hafstein Íslandsmálaráðherra hafði lagt fram frumvarp um þessa málaflokka í júlí sama ár og þau hlotið samþykki Alþingis 11. september eftir allmikil átök á þingi.

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, flutti ávarp og árnaði stofnunum allra heilla. Forseti Alþingis, Sturla Böðvarsson, ávarpaði gesti svo og sjáv-

arútvegs- og landbúnaðarráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson.

Leikararnir Arnar Jónsson og Ragnheiður Steindórsdóttir lásu ljóð tengd náttúru landsins, Auður Gunnarsdóttir og Gunnar Guðbjörnsson, óperusöngvarar, sungu íslensk lög tengd tilefninu við undirleik Jónasar Ingimundarsonar. Steindór Andersen kvað rímur og Skúli Björn Gunnarsson flutti fyrirlestur með myndasýningu sem hann nefndi ÞRÆTUR Á ÞINGI og segir frá aðdraganda þessarar merkilegu lagasetningar.

Um 300 hátíðargestir fögnuðu þessum tímamótum í Salnum í Kópavogi.



Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri og Jón Loftsson skógræktarstjóri voru gestgjafar á hátíðinni í Salnum (Mynd Áskell Þórisson)



Fjölbreytt dagskrá var í boði af tilefni 100 ára afmælisins. Meðal annars lásu leikararnir Arnar Jónsson og Ragnheiður Steindórsdóttir ljóð (Mynd Áskell Þórisson).



Fjölmenni fagnaði tímamótunum í Salnum í Kópavogi (Mynd Áskell Þórisson).

Fyrstu „íslensku“ beykifræin

Sunnudaginn 21. október voru fyrstu fræin af beykitré hér á landi tünd, þegar Árni Þórólfsson, ásamt Gunnari bróður sínum og Þorkatli Þorkelssyni, vitjaði beykitrés sem stendur í Hellisgerði í Hafnarfirði. Af trénu náðust 38 hnetur, en næstum allt fræið var fallið úr fræhylkjunum, þannig að á trénu hafa verið mun fleiri hnetur, líklega hátt í 200.

Í Hellisgerði eru fjögur gömul beykitré og fengust fræ af einu þeirra. Aldur trjáanna er ekki kunnur með fullri vissu, en Ingvar Gunnarsson gróðursetti töluvert af erlendum trjátegundum í Hellisgerði á árunum 1924-1934 og líklegt þykir að beykitrén séu frá því um 1927 og því um áttatíu ára gömul. Trén hafa örugglega komið frá Danmörku og nær öruggt er að Einar Helgason hafi flutt þau til landsins.

Reynt verður að fá fræið til að spíra og verður forvitnilegt að vita hvernig það kemur til með að ganga.

Árni Þórólfsson
Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar



Í Hellisgerði í Hafnarfirði eru glæsileg beykitré. Þau eru nú farin að þroska hér fræ. (Mynd JGP)

Bialowieza skógurinn í póllandi

Fáir gera sér væntanlega grein fyrir því að mest allt meginland Austur-Evrópu var skógi vaxið fyrir um 500-700 árum. Þar uxu fjölbreyttir skógar, blandaðir ýmsum tegundum lauf- og barrtrjáa. Jafnframt var í þessum skógum fjölbreytt dýralíf svo sem úlfar, gaupur, elgir, hirtir, villisvín og vísundar svo nokkuð sé nefnt.

Þrátt fyrir að mest af þessum skógi

hafi verið felldur og breytt í landbúnaðarland, er enn til lítt raskað svæði. Skógurinn heitir Białowieza og spannar um 120.000 hektara svæði sem nær til bæði Póllands og Hvíta-Rússlands. Skógurinn er á heimsminjaskrá UNESCO og skiptist í nokkur ólík verndarsvæði.


Ástæða þess að Białowieza skógurinn hélt velli er sú að svæðið varð snemma gert að veiðilendum aðals-

manna. Lengst af voru það rússnesku keisararnir sem stunduðu þar veiðar. Þannig komu þeir í veg fyrir að skóginum væri eytt, auk þess að leggja áherslu á að nægt framboð væri í skóginum af villibráð. Þegar Pólland var undir stjórn nasista í Seinni heimstyrjöldinni var það Hermann Göring sem beitti sér fyrir verndun skógarins, en hann var áhugaður um veiðar.

Skógurinn er jafnframt þekkur fyrir það að vera sá staður þar sem evrópska vísundin var bjargað frá útrýmingu. Í dag eru um 700 vísundar í Białowieza skóginum. Í næsta Skógræktarriti verður ýtarlegri umfjöllun um þennan merkilega skóg og þá ótrúlegu sögu sem liggur á bak við tilurð hans í dag.



Vísundar voru eitt sinn útbreiddir í Evrópu, líkt og í Bandaríkjunum. Þeim var nánast útrýmt, en bjargað í Białowieza skóginum. Þar eru nú um 700 vísundar (Mynd JGP).



Skógur og dýralíf er aðdráttarafl skógarins (Mynd JGP).



Frumskógurinn í Białowieza í Póllandi (Mynd JGP).

Laufblaðið

Fréttablað, 16. árgangur 4. tölublað 2007.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagnum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:
Jón Geir Pétursson skógræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:
Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands
kjörin á aðalfundi 2007:
Magnús Gunnarsson formaður,
Ólafía Jakobsdóttir varaformaður,
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur:
Aðalsteinn Sigurgeirsson,
Jónína Stefánsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.


Varamenn:
Sigrún Stefánsdóttir,
Páll Ingbór Kristinsson,
Vilhjálmur Lúðvíksson.

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



Skógræktarritið

er vandað og fjölbreytt tímarit fyrir alla
skóg- og trjáræktendur



Eftir langan vinnudagles Hallgrímur Guðjónsson
Skógræktarritið í sumarbústað sínum í
Vatnsdal í Húnavatnssýslu.

Skoðið áskriftartilboð á
www.skog.is

Pantið áskrift í síma 551-8150 eða á skog@skog.is.
Nánari upplýsingar á www.skog.is.

Grillhús í Haukadal úr íslensku timbri

Fimmtudaginn 15. nóvember var vígt afar sérstakt hús í Haukadals-skógi. Húsið er byggt eingöngu úr íslensku sitkagreni og er kennt við Danann Kristian Kirk sem gaf Skógrækt ríkisins jörðina Haukadal fyrir tæpum 70 árum.

Við vígsluna blessaði sr. Guðbjörg Arnardóttir húsið og Einar Óskarsson verkstjóri Skógræktarinnar í Haukadal lýsti byggingu hússins. Húsið er hannað af Morten T. Leth og Einari Óskarssyni, sem smíðuðu húsið með aðstoð sumarstarfsfólks Skógræktarinnar í Haukadal.

Það þykir við hæfi á 100 ára afmæli Skógræktar ríkisins að sýna fram á að hægt sé að byggja hús í fullri stærð úr íslenskum viði. Húsið er byggt úr sitkagreni úr Haukadals-skógi, Skorradal og frá Þingvöllum. Var grindin gerð úr heilum trjábolum, en þak og veggir úr efni sem búið er að rista upp með bandsög. Er skýlið um 115 m² að grunnfleti og rúmar því stóran hóp gesta.

Grillhúsið er glæsilegt mannvirki (Mynd HÓ).



Húsið er byggt úr íslensku sitkagreni (Mynd HÓ).

Fleiri tré í þéttbýlið – umhverfi gangstétta

Þessar tvær myndir eru af gangstéttum í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu. Önnur myndin sýnir skjólsælan og aðlaðandi vettvang en hin myndin sýnir berangur og næðing. Með skipulagðri trjárækt

við gangstéttar og umferðaræðar er auðvelt að skapa hlýlegt umhverfi þannig að kjörlendi til brúðkaupsmyndatöku verði að finna hvert sem litið er. Stórauka þarf trjárækt í þéttbýli um allt land.

Berangur og skjólleysi er því miður miklu algengara umhverfi gangstéttaanna. Þar vill enginn koma. Þessu er afar auðvelt að breyta í áttina að því sem sést á hinni myndinni (Mynd JGP).



Umhverfi gangstétta klætt gróskumiklum trjágróðri. Það skapar eftirsóknarvert umhverfi (Mynd JGP).

Aðventustemning í Þýskalandi

Þjóðverjar eru mikið jólafólk og aðventan er því skemmtilegur tími í Þýskalandi. Ekki má gleyma því að sá siður, að hafa skreytt jólatré inni í húsum, kemur frá Þýskalandi. Önnur skemmtileg þýsk jólahefð, sem nú er að byrja að ryðja sér til rúms hér á landi, eru sérstakir jólamark-

aðir, en þá má finna í flestum borgum Þýskalands á aðventunni. Á þýsku mörkuðunum er hægt að kaupa margvíslegt handverk og skraut og muni til jólanna, fá sér margar gerðir af steiktum pylsum (*bratwürzt*), rist- aðar hnetur og steiktar kartöflur og svo að sjálfsgöðu *Glühwein* – hitað vín (n.k. jólaglökk). Alltaf eru líka í

boði óáfengar útgáfur fyrir börnin! Fyrir þau eru líka einhver skemmtitæki í boði – hringekjur eða litlar lestir – og eru jólamarkaðarnir því vinsælir hjá allri fjölskyldunni.



Svona skemmtilegan jólasvein er mjög einfalt að búa til (Mynd RF).



Litlir og skrautlegir sölubásar einkenna þýska jólamarkaði (Mynd RF).



Þjóðverjar eru þekktir fyrir jólasakraut úr tré. Hér má sjá einfalt og skemmtilegt „jólakerti“ (Mynd RF).



Eyðing skóga í hitabeltinu er brýnt umhverfismál og veldur áhyggjum bæði vegna áhrifa á loftslag og eins líffræðilegan fjölbreytileika. Einnig veldur eyðing skógana miklum búsjífum fyrir lífsafkomu íbúa viðkomandi svæða. Þessi mynd er tekin af skógeyðingu í Úganda, en skógeyðing er mest í Afríku um þessar mundir (Mynd JGP).



Stórvirkum vinnuvélum er gjarnan beitt þegar regnskógur er ruddur til að skapa rými fyrir landbúnað (Mynd JGP).

Ákveðið að vinna gegn eyðingu regnskóga á loftslagsráðstefnunni í Balí

Eitt mikilvægasta viðfangsefni nýafstaðinnar loftslagsráðstefnu í Balí var að leita leiða til að draga úr skógeyðingu í þróunarríkjum. Talið er að skógeyðing standi að baki hvorki meira né minna en um 20% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Skógarreyðingin er því önnur meginorsök hlýnunar andrúmslofts, á eftir brennslu jarðefnaeldsneytis. Rétt er að minna á það að við Íslendingar eigum væntanlega heimsmet í eyðingu skóga, en við eyddum um 97% upprunalegu skóganna á fyrstu 1100 árum byggðar í landinu.

Alþjóðabankinn kynnti á Balí-fundinum stofnun sjóðs sem nota á til að bjarga skógum í þróunarríkjum frá eyðingu og draga þannig úr loftslagsbreytingum

af mannavöldum. Í skógarsjóði Alþjóðabankans verða 300 milljónir dollara til að byrja með. Með honum á að bjarga skógum víða um heim, ekki síst regnskógum sem víða er sótt mjög að.

Með fé úr sjóðnum verður um 20 ríkjum séð fyrir fé til að undirbúa umfangsmikla verndun og sjálfbæra nýtingu skóga. Féð gerir ákveðnum ríkjum kleift að hleypa af stokkunum áætlanum um sjálfbæra nýtingu skóga og um að fá til tekna stöðvun skógarreyðingar sem reiknist sem verðmætt framlag til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Nokkur ríki hafa einnig ákveðið markvissar aðgerðir til verndunar og sjálfbærrar nýtingar regnskóga hitabeltisins. Norðmenn ákváðu til dæmis nú í des-

ember að leggja um 500 milljónir dollara árlega í sérstakar aðgerðir til að koma í veg fyrir eyðingu skóga í þriðja heiminum. Það eru um 32 milljarðar íslenskra króna á ári.

Í minnisblaði ríkisstjórnarinnar um áherslur íslenskra stjórnvalda vegna loftslagsþingsins í Balí segir að Ísland styðji aðgerðir sem miða að því að draga úr eyðingu regnskóga. Á nýju ári kemur væntanlega í ljós í hverju sá stuðningur verður fólgin, en þetta er eitt brýnasta umhverfismál samtímans. Vonandi verður niðurstaðan sú að fylgja þessu myndarlega fordæmi frænda okkar Norðmanna.



Fjölmenni var á gróðursetningardegi Skógræktarfélagsins Dafnar (Mynd Áskell Þórisson).



Sandy Robertson frá Nýfundnalandi lék á sekkjapípu til að hvetja Dafnarsfélaga til dáða við gróðursetninguna! (Mynd Áskell Þórisson).



Verið er að leggja drög að skólaskógi við Landbúnaðarháskólann (Mynd Áskell Þórisson).

Gróðursetningardagur Skógræktarfélagsins Dafnar

Í tilefni þess að gömlu skjólbeltin á Hvanneyri eru fimmtíu ára á þessu ári stóð Skógræktarfélagið Dafnar ásamt Landbúnaðarháskóla Íslands fyrir almennum gróðursetningardegi fyrir starfsfólk og nemendur háskólans. Skógræktarfélagið Dafnar er yngsta skógræktarfélag landsins, stofnað á síðasta ári af nemendum háskólans. Félagið hefur fengið svæði niður af gömlu skjólbeltunum þar sem meiningin er að rækta svokallaðan heimaskóg.

Gróðursetningardagurinn markaði upphaf þeirrræktunnar, en með tíð og tíma mun hún mynda framhald af gömlu skjólbeltunum og bjóða upp á skemmtilegt, fjölbreytt og skjólgott útivistarsvæði í útjaðri þorpsins sem hefur myndast í kringum Landbúnaðarháskólann á seinni árum. Þrátt fyrir rysjött veður þá brugðust nemendur og starfsmenn Landbúnaðarháskólans mjög vel við þessu framtaki og fjölmenntu á svæðið.

Fremstur meðal jafningja var sjálfur rektor háskólans, Ágúst Sigurðsson, sem sýndi faglega takta

við gróðursetninguna. Ekki skemmdi það heldur stemminguna að Alexander Robertson, gestaprófessor frá Nýfundnalandi í Kanada, sem hefur verið við kennslu við Landbúnaðarháskólann, hélt taktinum í gróðursetningarfólkinu með sekkjapípuleik. Vegna mikils áhuga og góðrar þátttöku er fyrir séð að svona gróðursetningardagar munu verða að föstum viðburðum í háskólalífinu á Hvanneyri.

Gústaf Jarl Viðarsson, formaður Skógræktarfélagsins Dafnar.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alpýðusamband Íslands,
www.asi.is, Sætúni 1
Arentsstál ehf, Eirhöfða 17
Athygli ehf, Síðumúla 1
Bergiðjan, Vatnagörðum
Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
Brim hf, Tryggvagötu 11
DHL Á ÍSLANDI, Sundabakka 2
Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
Félag íslenskra
hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
Fjölhönnun hf, verkfræðistofa, Stórhöfða 27
G Hannesson ehf, Borgartúni 23
Garðyrkjunjónustan ehf, Skipholti 29b
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gesthús Dúna hf, Suðurhlíð 35d
Grænn kostur ehf, Skólavörðustíg 8
Guðmundur Jónasson ehf, Borgartúni 34
Hár ehf, Kringlunni 7
HGK ehf, Laugavegi 13
Híbýli og skip ehf, Hverfisgötu 105
Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
Höfði fasteignamiðlun ehf,
Suðurlandsbraut 20 og Bæjarhrauni 22
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 3
Jarðvélar sf, Síðumúla 28
Kemis ehf, Breiðhöfða 15
Kjörgarður, Laugavegi 59
Klapparholt ehf, Esjugrund 68
KPMG hf, Borgartúni 27
Landbúnaðarráðuneytið, Sölvhólsgötu 7
Landvernd, Skúlatúni 6
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Lífland, Korngörðum 5
Lífstykkið ehf, Laugavegi 82
Mentis hf, Borgartúni 29
Mirage slf, Lynggrima 3
Moldarblandan - Gæðamold hf,
Vagnhöfða 25
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Oddgeir Gylfason, tannlæknir, Síðumúla 28

Óliudreifing ehf, Gelgjutanga

Ottó B. Arnar ehf, Skipholt 17

Ósk Þórðardóttir Tannlæknir, Borgartúni 29

Raftsveitir hf, Suðurlandsbraut 4

Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3

Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins,
Mógilsá

Rarik ohf, Bíldshöfða 9

RST Net ehf, Smiðshöfða 6

Samiðn, Borgartúni 30

Skalli við Vesturlandsveg, Grjóthálsi 8

Smith og Norland hf, Nóatúni 4

Subway, Austurstræti 3

Suzuki bílar hf, Skeifunni 17

T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6

Umhverfis og Garðyrkjusvið

Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19

Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27

Verðbréfaskráning Ís-
lands hf, Laugavegi 182

Vélafang ehf, Gylfaflöt 32

Vélaverkstæðið Kistu-
fell ehf, Tangarhöfða 13

Við og Við sf, Gylfaflöt 3

Vífílfell hf, Stuðlahálsi 1

VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

Þórtak ehf, Brúnastöðum 73

Seltjarnarnes

Rafþing, rafverktaki, Bollagörðum 43

Vogar

Grein ehf, Litlabæ, Vatnsleysuströnd

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18

Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2

Eggja- og kjúklingabúið, Elliðahvammi,
Vatnsenda

Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari,
Grófarsmára 8

Ferðapjónusta Þ.I.Þ. ehf, Álfaheiði 22

Gæðaflutningar ehf, Krossalind 19

Hvellur - G. Tómasson ehf, Smiðjuvegi 30

Kópavogsbær, Fannborg 2

Landmótun ehf, Hamraborg 12

Smári Guðmundsson

skrúðgarðyrkjumeistari, Þinghólsbraut 1

Stáliðjan, Smiðjuvegi 5

Valdberg ehf, Smiðjuvegi 36

Veitingapjónusta Lárusar Loftssonar,
Nýbýlavegi 32

Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf,
Bæjarlind 4

Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær

Fag-val ehf, Smiðsbúð 4

Geislatækni ehf Laser-þjón-
ustan, Suðurhrauni 12c

Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkihæð 1
Miklartorg hf, Kaupúni 4

Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14
Suðurtún ehf, Súlunesi 12

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf, Grandatröð 2

Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2
Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhellu 3

Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6

Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15

Hvalur hf Hafnarfirði

Kerfi ehf, Flatahrauni 5b

Klæðning ehf, Reykjavíkurvegi 68

Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26

Rafgeymasalan ehf, verkstæði,
Dalshrauni 17

Raftaki ehf, Efstuhlíð 4

Samtak ehf, Skútahrauni 11

Stímir hf, Melabraut 27

Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64

Bessastaðahreppur

Bókasafn Álftaness, Álftanesi,
Álftanesskóla

Reykjanesbær

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36

Húsaness ehf, byggingarverktakar,
Hafnargötu 20

Renniverkstæði Jens Tómassonar,
Fitjabakka 1c

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12

Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19

Varmamót ehf, Framnesvegi 19

Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14

Sandgerði

Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3

Mosfellsbær

Glertækni ehf, Völuteigi 21

Ísfugl ehf, Reykjavegi 36

Reykjalundur - plastiðnaður ehf,
Reykjalundi

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Akranes

Bífreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar,
Dalbraut 6

Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12



Hólmfríður Finnbogadóttir framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, ásamt harmonikkuleikara sem lék við opunarhátíðina (Mynd JGP).



Magnús Gunnarsson og Jónatan Garðarsson stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar afhjúpa upplýsingaskiltið í skóginum (Mynd JGP).



Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands flutti ávarp og færði Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar glæsilegt linditré – (hjártalind *Tilia cordata*) - að gjöf (Mynd JGP).

Stóri-Skógarhvammur í Hafnarfirði opnaður

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar opnaði skógræktarsvæðið Stóra-Skógarhvammi laugardaginn 25. ágúst. Stóri-Skógarhvammur var friðaður árið 1958/59 og hófst ræktunarstarf Skógræktarfélags Hafnarfjarðar í kjölfarið. Piltar úr vinnuskólanum í Krýsuvík voru nýttir til verksins, sem störfuðu að ræktuninni undir leiðsögn Hauks Helgasonar, sem var stjórnarmaður

í Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar. Vinnuskólinn í Krýsuvík starfaði fram til ársins 1964 og hefur síðan þá lítið verið gróðursett. Árangur þessar aðgerða er mjög góður og eru þarna nú mjög vöxtulegur og fallegur skógur af ýmsum tegundum. Jafnframt hefur birkiskógurinn aukist mjög að umfangi og breiðst út.

Nú er unnið að því að gera svæðið aðgengilegra almenningi til að njóta

útivistar í þessu fallega umhverfi og hefur Skógræktarfélag Hafnarfjarðar notið stuðnings Samfélagssjóðs Alcan og vel-

vilja Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarbæjar við að koma verkinu í framkvæmd.



Steinar Björgvinsson og Magnús Gunnarsson gróðursettu linditré á skjólgóðum og frjósömum stað í skóginum (Mynd JGP).



**SKÓGRÆKT
RÍKISINS**

**AÐEINS
ALDARGÖMUL**

... og rétt að byrja



Árleg fagráðstefna skógræktar var að þessu sinni haldin að Eiðum á Héraði. Ráðstefnan var fjölsótt, þar sem kynnt voru ýmis mál sem eru í deiglu skógræktarstarfsins í landinu (Mynd JGP).



Skógurinn á „hlíðinni fríðu“ Barmahlíð er í umsjón töluvert að bættu aðgengi almennings undanfarin ár. Á leiðinni að Reykhólum. Á myndinni eru hjónin í urgeirsson (Mynd JGP).

Svipmyndir af vett



Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands er fjölmenn samkoma. Á fundinum á Egilsstöðum í haust voru um 200 þátttakendur. Þessar sunnlensku skógarkempur voru þeirra á meðal, Böðvar Guðmundsson, Óskar Þór Sigurðsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (Mynd JGP).



Gróðrarstöðin Barri flutti á árinu í nýja og glæsilega aðstöðu að Valgerðarstöðum. Stöðin er án efa fullkomnasta skógarplöntu-stöð landsins. Fulltrúar á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands heimsóttu stöðina og sjást hér ganga í gegnum annað gróðurhúsið (Mynd JGP).

Skóg- og trjárækt er útbreytt áhugamál meðal þjóðarinnar. Orsakir þessa áhuga eru auðvitað afar fjölbættar og persónubundnar. Í viðtalsbók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar við Benjamín H. J. Eiríksson fyrrverandi bankastjóra, *Í stormum sinna tíða*, kemur fram góð lýsing á tilfinningunni bak við skógræktaráhugann. Nokkuð, sem væntanlega er sameiginlegt með mörgu áhugafólki.

Benjamín heitinn átti land austur í Holtum og ræktaði þar skóg. Skógræktin var honum áhugamál og lýsir hann ræktunarástríðunni þannig í bókinni; „Ég hef farið þangað með fjölskyldunni þegar við höfum getað, plantað trjám, hlúð að gróðri, reynt að græða upp landið. Ræktun gefur lífinu mikið gildi. Það er ótrúleg lífsreynsla að sjá fræin breytast í



Skógræktarfélag Heiðsynninga hefur um árabil ræktað skóg á stóru landssvæði á bökkum Haffjarðarár, skammt ofan Laugagerðisskóla. Svæðið kallast Margrétarlundur eftir Margræti Guðjónsdóttur frá Dalsmynni, formanni félagsins. Á myndinni er Margrét að skoða árangur ræktunarinnar ásamt Halldóri Halldórssyni, formanni Skógræktarfélags Skáta (Mynd JGP).



Skógræktarfélagsins Bjarkar. Þar hefur verið unnið þessi skógur er sannkölluð náttúruperla í þjóðbraut Mávatúni, Svanhildur Sigurðardóttir og Tómas Sig-



Í aðdraganda alþingiskosninganna í vor héldu skógræktarfélagin opinn stjórnmálafund að Elliðavatni á Heiðmörk. Á fundinum kynntu þau Álfheiður Ingadóttir (V), Guðni Ágústsson (B), Illugi Gunnarsson (D), Ómar Ragnarsson (I) og Þórunn Sveinbjarnardóttir (S) stefnumið sinna flokka. Fundurinn var fjölsóttur og í lokin spunnust líflegar umræður (Mynd JGP).

tvangi skógræktar

gróður og gróðurinn dafna. Menn gerast þátttakendur í sköpunarverkinu“.

Í dag eru um 7500 félagar í hinum 60 skógræktarfélögum landsins og skógarbændur, sem hafa yfir að ráða lögbýlum í tengslum við landshlutabundnu skógræktarverkefni, eru nú um 1000 talsins. Þá eru ótaldir sumarhúsaeigendurnir, sem flestir leggja stund á skógrækt í einhverri mynd, hlú að birkikjarri eða gróðursetja í umhverfi bústaðanna. Þeir eru liðlega 10.000 talsins á landinu öllu. Þegar við segjum erlendum skógarkollégum að Laufblaðið, fréttablað Skógræktarfélags Íslands fari inn til nærri 10% heimila í landinu veldur það undantekningarlaust undrun.

Skógræktarstarfið er fjölbreytt. Hér eru nokkrar svipmyndir af vettvangi skógræktarstarfsins:



Í Húnavatnssýslum er mikil gróska í skógrækt um þessar mundir. Þessi mynd er tekin á álitlegu skógræktarsvæði í Húnaþingi Vestra, Grund í Vesturhópi. Skóginn hefur Þorvaldur Böðvarsson á Hvammstanga ræktað og sést hann á myndinni í vöxtulegum lerkilundi (Mynd JGP).



Á aðalfundi Skógræktarfélags Reykjavíkur í vor lét Þorvaldur S. Þorvaldsson af stjórnarsetu í félaginu eftir áralangt starf. Hér afhendir Guðrún Þórsdóttir fundarstjóri honum viðurkenningu félagsins (Mynd JGP).



Trjásafnið í Mörkinni á Hallormsstað er einstakur staður. Þar er að finna fjöldamargar trjátegundir frá ýmsum heimshornum. Þar er meðal annars þessi aldagömlu og glæsilegu broddfurutré, sem eru einstök prýði (Mynd JGP)

Hlíðaramall – vanmetin runnategund

Hlíðaramall (*Amelanchier alnifolia*) er runnategund sem hefur verið flutt hingað frá Alaska. Þessi runni er afar duglegur að þroska stór, bláleit ber sem eru ljúffeng til átu. Einnig eru þau vinsæl af fuglum. Runninn verður 2-3 metrar á hæð. Þessa runnategund þyrfti að auka í ræktun, ekki síst í sumarbústaðalöndum og útivistarskógum (Mynd JGP).



Mosfellsbær var fyrsta sveitarfélag landsins sem kolefnisjafnaði ökutæki sín hjá Kolviði. Mikill gróður er í Mosfellsbæ. Þessi mynd er tekin í Hamrahlíð í Úlfarsfelli, en Mosfellsbæjarmegin í fjallinu eru vöxtulegir skógar (Mynd JGP).

Kolefnisjöfnun – Mosfellsbær fyrsta sveitarfélagið

Við sögðum frá því í Laufblaðinu fyrr í vor að Garðabær hefði verið fyrsta sveitarfélagið sem kolefnisjafnaði sig. Í ljós hefur komið að svo var ekki, heldur var Mosfellsbær fyrri til og er því það sveitarfélag sem fyrst var til að taka umhverfislega ábyrgð á þeirri koltvísýringismengun sem samgöngutæki sveitarfélagsins valda og kolefnisjafna. Vonandi verður frumkvæði þessara tveggja sveitarfélaga í umhverfismálum öðrum hvatning.



Stjórn Sk. A-Húnavatnssýslu talið frá vinstri: Anna M. Arnardóttir, Ragnhildur Helgadóttir, Páll Ingþór Kristinsson, Jósefína Blöndal, Oddný M. Gunnarsdóttir, Sigurður Ingþórs-son og Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands (Mynd BJ).



Þorvaldur Böðvarsson formaður Skógræktarfélags V-Húnavetninga og Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélags Íslands við minnisvarða um þá bræður Guðmund M., Einar og Friðrik V. Björnssyni frá Múla í Miðfirði sem reistur hefur verið á jörðinni Fjósum í Svartárdal (Mynd BJ).

Samráðsfundur í Húnavatnssýslum

Nyverið var haldinn samráðsfundur stjórnar Skógræktarfélags A – Húnavatnssýslu og formanns Skógræktarfélags Íslands þar sem m.a. var rætt um að félagið í A-Húnavatnssýslu tæki að sér umsjón og rekstur jarðarinnar Fjósa sem er í eigu Skógræktarsjóðs Húnavatnssýslu. Á Fjósum er nú að vaxa upp öflugur skógur. Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu var stofnaður árið 1970

samkvæmt ósk bræðranna Guðmundar M., Einars og Friðriks V. Björnssona frá Múla í Miðfirði og er stofnfé sjóðsins dánargjöf þeirra. Þeir bræður munu hafa haft mikinn áhuga á skógrækt og ákváðu þeir að öllum þeirra eigum skyldi varið til skógræktar.

Árið 1971 var ákveðið að kaupa jörðina Fjósa í Svartárdal í því skyni að hefja skógrækt í samræmi við tilgang sjóðsins. Jörðin Fjósar er í mynni Svart-

árdals um 4 km fjarlægð frá Þjóðvegi 1, við Bólstaðarhlíð. Framkvæmdanefnd hefur farið með málefni sjóðsins en ef vilji stjórnar Skógræktarfélags Íslands gengur eftir mun Skógræktarfélag A – Húnavatnssýslu taka við vörslu jarðarinnar og halda við minningu þeirra bræðra sem áður er getið.

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Grunnskólinn, Espigrund 1
GT Tækni ehf, Grundartanga
Skógræktarfélag Akraness,
Furugrund 28
Vélaleigan Þróttur, Ægisbraut 4

Borgarnes

Búvangur ehf, Brúarlandi
Ferðaþjónustan Húsafelli ehf, Húsafelli 3
Margrét Guðjónsdóttir, Dalsmynni
Skorradalshreppur, Grund

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf,
Aðalgötu 2
Tannlæknastofa Klemes Antoniussen,
Austurgötu 7

Hellissandur

Þorgeir Árnason ehf, Háarífi 27

Búðardalur

Dalabyggð, Miðbraut 11

Reykhólahreppur

Glæðir, áburður, Hellisbraut 18
Reykhólahreppur, Maríutröð 5a

Ísafjörður

Ís 47 ehf, Fagraholti 3
Skógræktarfélag Ísafjarðar,
Seljalandsvegi 38

Bolungarvík

Agnes M Sigurðardóttir, Völusteinsstræti 16
Náttúrustofa Vestfjarða, Aðalstræti 21
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Flateyri

Lionsklúbbur Öndarfjarðar, Unnarstíg 6

Patreksfjörður

Félag skógarbænda á Vestfjörðum,
Seftjörn
Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Sigtúni 7

Þingeyri

F&S Hópferðabílar ehf, Aðalstræti 27

Hólmavík

Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Höfðagötu 3
Kjörvogur
Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

Skagatrönd

Elfa ehf, Oddagötu 22
Sveitarfélagið Skagatrönd, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Siglufjörður

Skógræktarfélag Siglufjarðar, Hafnartún 2

Akureyri

Arnarfell ehf, Sjafnarnesi 2-4
Ferðaskrifstofa Akureyrar, Ráðhústorgi 3
Girðir ehf, Lónsbakka
Höldur - Bílaleiga Akureyrar,
Tryggvabraut 12
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Stella tannlæknir, Hófsbót 4
Uppsetning á stálgrindahúsum
B.Þ Verktakar ehf, Klettatúni 10
Virgni ehf, Lyngholti 28

Dalvík

Blómabúð María Snorradóttir,
Hafnarbraut 7

Húsavík

Bókasafnið á Húsavík

Þórshöfn

Langanesbyggð v/Nausts, Fjarðarvegi 3
Skógræktarfélag N-Þingeyjarsýslu,
Miðholti 1

Egilsstaðir

Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1
Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
Miðás hf (Brúnás innréttingar), Miðási 9
Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Kaupvangi 5

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Neskaupstaður

Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf,
Hrísmýri 3

Búnaðarsamband Suðurlands,
Austurvegi 1

Garðyrkjustöðin Furubrún, Reykholti,
Biskupstungum
Grímsneshreppur og Grafningshreppur,
Stjórnsýsluhúsinu Borg
Hitaveita Frambæja, Skarði
Jeppasmiðjan ehf, Ljónsstöðum
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69

Selós ehf, Eyravegi 51
Set ehf, plastráverksmiðja, Eyravegi 41
Skeiðahreppur og Gnúpverja-
hreppur, Árnesi
Skógræktarfélag Árnesinga, Sigtúni 9
Sorpstöð Suðurlands, Austurvegi 56
Stokkar og steinar sf, Árbæ 1
Sunnlenska fréttablaðið,
Austurvegi 22
Vélaverkstæði Almennar viðgerðir og
smurþjónusta, Gagnheiði 36

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði
www.hnfi.is, Grænumörk 10
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Tölvutak ehf, Sunnumörk 2

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Laugarvatn

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

Flúðir

Flúðajöfri ehf, Ljónastíg 1

Hella

Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri
Steinasteinn ehf, Ormsvöllum 1
Upplýsingamiðstöðin Hvolsvelli,
Hlíðarvegi 14

Kirkjubæjarklaustur

Búval ehf - Kirkjubæjarklaustur,
lðjuvöllum 3
Kirkjubæjarskóli, Klausturvegi 4
Skaftárhreppur, Klausturvegi 10
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2,
Vestur-Skaftafellssýsl

Alþjóðlegt samráðsþing í tilefni 100 ára afmælis landgræðslustarfs

Í tilefni af 100 ára afmæli landgræðslustarfs á Íslandi gekkst Landgræðsla ríkisins fyrir veigamiklu alþjóðlegu samráðsþingi um jarðveg, samfélög og hnatt-rænar breytingar á Hótel Selfossi dagana 31. ágúst - 4. september. Þingið, sem kallaðist *International Forum on Soils, Society and Global Change* sóttu um 130 fulltrúar frá fjöldamörgum ríkjum. Undirbúningur og framkvæmd þingsins var í samstarfi við fjöldamargar stofnanir, meðal annars helstu stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem vinna að málefnum tengdum jarðvegs- og gróðurvernd.

Fyrirlestrahluti samráðsþingsins miðaði að því að undirbyggja umræður í vinnuhópum og var þar meðal annars fjallað um hið mikilvæga hlutverk jarðvegs og jarðvegsverndar, að ná markmiðum alþjóðasamfélagsins sem tengjast framleiðslu matvæla, neysluvatni, líffræðilegri fjölbreytni, vörnum gegn loftslagsbreytingum og baráttunni gegn fátækt. Vinnuhópar fjölluðu síðan um leiðir til að ná slíkum markmiðum.

Þingið var fjölsótt og tókst vel.

Rajendra Pachauri var einn aðal fyrirlesara þingsins, en hann er einn helsti áhrifamaður heims á sviði loftslagsbreytinga. Pachauri veitir Loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna forstöðu sem fékk friðarverðlaun Nóbels í haust, ásamt Al Gore fyrrum varaforseta Bandaríkjanna. Það var einmitt Pachauri sem veitti Nóbelsverðlaunum viðtöku í Osló í Noregi í desember (Mynd LR).



Ólafur Ragnar Grímsson forseti flutti ávarp á ráðstefnunni. Þar hvatti hann Íslendinga til dæða við miðlun þekkingar og reynslu okkar af því að fást við gróður- og jarðvegseyðingu og árangri við endurheimt landkosta. Ole Petenya Yusuf-Shani frá Kenýa afhenti Ólafi Ragnari veldissprota Masai ættbálksins. Stafurinn er tákn um völd. Forseti Íslands sagðist hins vegar vona að stafurinn gæti frekar orðið tákn um von fyrir þær þjóðir Afríku sem berjast við landeyðingu. Stafinn myndi hann hafa með sér í ferðum til álfunnar (Mynd LR).



Rjúpan sækir í skóginn í snjóleysinu

Umsjónarmenn skógræktarsvæða hafa orðið talsvert varir við rjúpur í haust. Svo virðist sem hún saki í skjólið sem trén veita. Þessi mynd er tekin á skógræktarsvæði Skógræktarfélag Mosfellsbæjar í Hamrahlíð þar sem stór rjúpnahópur var langdvölum í haust (Mynd EG).



Fjöldmenn sótti þingið á Selfossi (Mynd LR).

Sitkagreni er mesta þarfapening

Í tilefni óveðurshrinu síðustu mán-
aða er gott að hafa skjólið í huga.
Getum við aukið lífsgæði okkar
með fleiri trjám?
Ágætur veðurfræðingur, Páll Bergþór-
son, orðaði það eitthvað á þá leið í nýlegu
útvarpsviðtali, að munurinn á rokinu í
Reykjavík væri sá að nú yrði maður ekki
var við stórviðrin en fyrir 50 árum var
hér aldrei skjól. Þakkaði Páll það mikl-
um trjágróðri sem vaxinn er í borginni á
þessum tíma. Laufblöðungur tekur heil-
shugar undir lýsingu Páls. Hins vegar er
rétt að hafa í huga að sjálfsagt bera nýrri
hverfi merki fyrrnefndrar lýsingar sök-
um trjáleysis. Þar er enn mikill næðingur
enda lengi verið að rækta tré. Það tekur
áratugi að rækta trjágróður sem hefur
jákvæð áhrif á heilu íbúðarhverfin eða
iðnaðarhverfi. Þessi áhrif hélt maður að
væru varanleg en það er hins vegar ekki
rétt.
Að vetri til er það sitkagrenið sem

veitir hvað mest skjól bæði mönnum og
málleysingjum auk þess að það hlífir
byggingum.
Það er því afar slæm þróun sem hef-
ur átt sér stað á síðustu árum í grónum
hverfum höfuðborgarsvæðisins. Þar hafa
menn farið offari í því að fella 50-60 ára
gömul og vöxtuleg grenitré. Þessum
vindbrjótum byggðarinnar fer stöð-
ugt fækkandi. Jafnframt eru þau aðal
búsvæði fugla og aðal athvarf hvort sem
um er að ræða varp eða náttstað. Eftir
því sem þessum trjám fækkar, þeim mun
næðingssamara verður í bænum og val-
kostir fugla til að leita skjóls minnka. Er
þetta ekki öfugþróun? Af hverju eru þeir
sömu garðeigendur sem láta fella stór
grenitré ekki skikkaðir til að gróðursetja
ný tré í staðinn. Skipulagslöggjöfin er að
þessu leiti ófullkomin og vanhugsuð.
En af hverju að hafa áhyggjur af
þessari þróun? Er það ekki í lagi að eitt
og eitt tré sé fellt?



Hægt er að klippa og snyrta sitkagreni eftir óskum hvers og eins. Stór tré er jafnvel hægt að
lækka um nokkra metra með því að toppstífa og laga þau eftir þörfum (Mynd BJ).



Sitkagreni þarf gott rými til að njóta sín. Hentar oft á tíðum ekki í minni garða en þar er völ á
fjölda mörgum öðrum trjategundum (Mynd BJ).

- Laufblöðungur hefur áhyggjur af
þeirri þróun því að með sama áframhaldi
verða öll grenitré og þar með barrtré
horfin á höfuðborgarsvæðinu innan 10
ára. Ekki eru gróðursett ný tré.
Það eru til fleiri valkostir en fella trén
því ef það er eina ráðið þá stefnir í óefni.
Rétt er að hafa í huga að sitkagrenið hef-
ur bæði kosti og galla.
- **Kostir:** Þolir öðrum tegundum bet-
ur hafrænt veðurfar, seltu og vinda,
verður stórvaxið, vex hratt og myndar
mikið og gott skjól. Miðstöð fuglalífs
og varp og náttstaður margra fugla-
tegunda (húsaskjól smávina). Hæstu
tré á höfuðborgarsvæðinu nú rúmlega
20 m.
 - **Ókostir:** Verður stórt og gnæfir yfir og
myndar skugga og dregur úr útsýni.

Sitkalús sækir á það og það verður oft
ótólegt þegar hún hefur herjað.

Hægt er að klippa og skerða sit-
kagreni án þess að það sé fellt og látið
hverfa. Víða hefur það tekist afbragðs-
vel. En það eru líka til aðrar barrtrjáteg-
undir sem verða ekki eins stórvaxnar og
sitkagrenið, t.d. stafafura, sem vex mun
hægar og er mjög fallett sem garðtré. Þá
má nefna rauðgreni sem er tegund sem
vel má rækta með hækkandi hitastigi í
görðum. Það er tegund sem ekki hefur
verið sýnd nægileg athygli en vaxtarlag
þess hentar ágætlega í garða auk þess
sem nálar eru fínar. Hægt væri að
benda á fleiri trjategundir en ekki gefst
ráðrúm til þess að svo stöddu.

En ágætu garðeigendur, „**hugsum
áður en höggvið er**“.

Birkinýra – gersemi úr skóginum

Á birkitrjám getur myndast hnýði, sem kallast „nýru“. Þessi hnýði eru einskonar æxlisvöxtur út frá greinum eða bol trjáanna. Geta nýrun orðið býsna stór, en Laufblöðungur hefur heimildir um nýru sem eru allt að 50 cm í þvermál.

Þetta myndarlega nýra rakst Laufblöðungur á norður í Öxarfirði. Þar standa yfir framkvæmdir við opnun

skógar Skógræktarfélags Norður-Þingeyinga í Akurgerði. Utan girðingarinnar, skammt frá þjóðveginu óx þetta birkitré með þessu myndarlega nýra. Tréð óx svo nærri þjóðveginum að vegagerðin taldi óráðlegt annað en að fjarlægja það.

Nýrað góða komst þá í hendur Guðmundar Arnar Benediktssonar á Kópaskeri, en hann er annálaður hagleiksmaður. Myndirnar tvær sýna nýrað

á trénu og síðan þegar Guðmundur er búinn að rista það í sundur og undirbúa

fyrir smíði á einhverjum hagleiksgrip úr þessu fallega efni.



Nýrað myndarlega á birkitrénu í Akurgerðisskógi. Þetta tré óx of nálægt þjóðveginum og þurfti að falla vegna umferðaröryggis (Mynd JGP).

Skógræktarfélag Skilmannahrepps selur eignarhluta sinn í félagsheimilinu Fannahlíð

Skógræktarfélag Skilmannahrepps hefur frá gamalli tíð verið eigandi að hlut í félagsheimilinu Fannahlíð. Fannahlíð er staðsett á skógræktarsvæði félagsins, sem leigt er af sveitarfélaginu til skógræktar í almannapágu.

Undanfarin ár hefur skógræktarfélagið unnið að uppbyggingu eigin aðstöðu miðsvæðis í skóginum. Því

var ákveðið nú í haust að selja sveitarfélaginu hlut skógræktarfélagsins í Fannahlíð. Sölusamningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn nú í haust að viðstöddum fjölmörgum fulltrúum sveitarstjórnar og heimamanna. Söluandvirðið hyggst Skógræktarfélag Skilmannahrepps nýta til frekari uppbyggingar á ræktunarsvæðum sínum.



Samningurinn var undirritaður við hátíðlega athöfn í Fannahlíð í haust. Á myndinni eru Sólveig Jónsdóttir frá Kvenfélaginu Björk, Einar Thorlaciusveitastjóri Hvalfjarðarsveitar, Hallfreður Vilhjálmsson oddviti Hvalfjarðarsveitar, Bjarni O.V. Þóroddsson formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps og Skúli Lýðsson bygginga, og skipulagsfulltrúi Hvalfjarðarsveitar (Mynd JGP).



Guðmundur Örn Benediktsson frá Skógræktarfélagi Norður-Þingeyinga, sem hefur skipulagt og annast framkvæmdir við bætt aðgengi skógarins í Akurgerði hirti nýrað. Á þessari mynd er hann búinn saga nýrað í sundur og sést því vel hvers fallegur viðurinn í því er (Mynd JGP).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Skógræktarstöð
Egilsstöðum, Fljótshlíð - www.barri.is



www.icefin.is
Útivistarfatnaður fyrir
fólk sem stundar
útivist og veiði

Garðyrkja ehf.
www.gardyrkjan.is

KNH ehf.
Grænagerði
410 Ísafjörður



**Skógræktar og
landverndarfélag
undir jökli**



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

**Samband
garðyrkjubænda
Reykjum**



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1**



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR



LANDSNET



1907 - 2007
landgræðsla 100 ár



LANDSLAGI



Landbúnaðarháskóli Íslands



BÚREKSTRARDEILD
Egilsheiti 1 - 310 Borgarnes
Alþróðis sími 430 0000 - Fax 430 0001



Landsbankinn



Orkuveita
Reykjavíkur



ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR



ÚTTARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA



Plastprent hf.
1967 - 2007

**Skógræktarfélag
Borgarfjarðar
310 Borgarnesi**

PRICEWATERHOUSECOOPERS 



NÝTT

HEFURÐU ÁHYGGJUR AF AÐ GLEYMA AÐ SLÖKKVA Á KERTUNUM Á AÐVENTUKRANSINUM?



SJÁLFSLÖKKVANDI AÐVENTUKRANSAKERTI:

Kertin eru þægileg í notkun:

- Kertin eru á eldheldum pinnastand sem auðvelt er að stinga í kransinn.
- Pinninn er með göddum sem halda kertunum föstum.
- Pinnastandurinn úr gagnsæju, eldheldu efni.
- Eftir 15 klst. brennslu slekkur standurinn í kertinu.

